

vöxtum frá 24. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnað með 100 krónum.

Dóminum (ber) að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1940.

Nr. 148/1937. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagið

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Síldarútvegsnefnd

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Varadómari próf. Bjarni Benediktsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Umsamin sölulaun af síld ekki færð niður, þótt slegið væri af söluverði hennar vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefir uppkveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 30. nóv. 1937, hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. okt. 1936 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins fyrir hæstarétti hafa aðiljar orðið sammála um það, að stefnda beri að greiða áfrýjanda öll þau sölulaun, er hann kann að eiga heimtingu til vegna síldarsölu þeirrar, sem í máli

Þessu getur. Ágreiningur aðilja varðar því nú það, hvort sölulaunin (3%) skuli reikna af umsömdu fobbsöluverði síldarinnar á íslenzkri höfn eða af því verði, sem að lokum fékkst fyrir hana. Aðiljar eru og sammála um það, að eftir standi ógreidd sú fjárhæð, sem krafín er í máli þessu, ef sölulaunin skyldi eiga að reikna eftir fobbsöluverði, en að annars kostar séu þau fullgreidd.

Þann 21. ágúst 1936 sendi áfrýjandi stefnda símskeyti, þar sem segir, að „Rússarnir“ bjóðist til, miðað við svar innan 3 daga, að kaupa tiltekinn tunnufjölda saltsildar fyrir 20 krónur tunnu og að sölulaun vor (þ. e. áfrýjanda) séu 3%. Svo virðist sem stefndi hafi ekki talið sér fært þegar að samþykkja tilboð þetta, og að aðiljar hafi rætt um möguleika á því að gera gagnboð, því að 24. s. m. símar áfrýjandi stefnda aftur og segir, að nauðsynlegt sé, að stefndi geri gagntilboð þann dag að kveldi, því að annars sé hætt á því, að viðskiptin tapist.

Næsta dag, þann 25. ágúst 1936, að morgni sendi svo áfrýjandi samkvæmt beiðni Óskars Jónssonar, sem var einn síldarútvegsnefndarmanna og virðist þá hafa verið í fyrirsvári fyrir hana við áfrýjanda, verzlunarsendisveit Sóvjetríkjanna í Kaupmannahöfn símskeyti, sem kveður stefnda hafa umboð síldarkaupmanna við Faxaflóa til að bjóða sendisveitinni 20—30 þús. tunnur saltsildar á 22 krónur tunnu. Daginn eftir, þann 26. ágúst 1936, símar áfrýjandi því næst til stefnda og kveðst hafa umboð téðrar sendisveitar til þess að samþykkja kaup á áðurnefndri síld samkvæmt skeytinu frá deginum áður, þar á meðal 22 króna verðið fyrir tunnu, og séu sölulaunin 3%.

Samdægurs fól stefndi ennfremur Óskari með símskeyti að samþykkja „Rússatilboð“ og sölulaun til áfrýjanda 3%. Loks felur Óskar áfrýjanda með bréfi, dags. s. d., að samþykkja sölu á sildinni til verzlunarsendisveitar Ráðstjórnarríkjanna, enda segir í bréfinu, að sildarútvegsnefnd greiði áfrýjanda 3% af „fobbsöluverði“. Þetta verð var þegar ákveðið 22 krónur fyrir tunnu, og verður að ætla, að aðiljar hafi miðað sölulaun við það verð og að Óskar Jónsson hafi því ekki lofað áfrýjanda að þessu leyti öðru eða meira en umboð hans náði til.

Því hefir ekki verið haldið fram, að áfrýjandi beri nokkra sök á því, að sildin reyndist ekki að áliti kaupandans svo góð vara sem samið var, er hún kom til Rússlands. Áfrýjandi var ekki riðinn við samninga um afslátt á kaupverði sildarinnar og hefir að engu leyti afsalað sér nokkrum hluta sölulauna þess vegna. Með því að stefndi hefir viðurkennt skyldu sína til greiðslu þeirra sölulauna allra, er áfrýjanda bera, og telja verður stefnda, eins og máli þessu er farið, hafa haft heimild til þess að takast slíka skyldu sér á hendur, verður að taka kröfu áfrýjanda um greiðslu sölulaunanna með vöxtum til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sildarútvegsnefnd, greiði áfrýjanda, Íslensk-rússneska verzlunarfélaginu, kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. okt. 1936 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. okt. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er skv. samkomulagi aðilja höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1937, af Hauk Björnssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagsins hér í bæ gegn Sildarútvegsnefnd til greiðslu kröfu, að upphæð kr. 2194.50 með 6% ársvöxtum frá 13. október 1936 til greiðsludags, og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur, Sildarútvegsnefnd, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með símskeyti, dags. 26. ágúst 1936, fól Sildarútvegsnefnd Óskari Jónssyni, útgerðarmanni, að samþykkja kauptilboð í 19000 tonnur af Faxaflóa-saltsild, sem verzlunarsendisveit rússnesku Ráðstjórnarríkjanna í Kaupmannahöfn hafði gert nefndinni, að því er virðist, fyrir milligöngu stefnanda. Í bréfi, dags. s. d., gaf Óskar stefnanda umboð til að samþykkja kauptilboðið með nánar tilgreindum skilyrðum. Í skeytinu til Óskars er tekið fram, að sölulaun til stefnanda skuli vera 3%, og í bréfi Óskars til stefnanda segir, að nefndin greiði stefnanda 3% af fobbsöluverði sildarinnar, sem afskipuð kunni að verða upp í umræddan samning. Nefndin sendi síðan tvisvar sinnum sild upp í samninginn. Í fyrra sinnið, 29. september 1936, 7655 tonnur, en í síðara sinnið, 13. október 1936, 11345 tonnur. Söluverðið var ákveðið kr. 22.00 fyrir hverja tunnu fobb., og taldi stefnandi sér því skv. samningnum við stefndan bera kr. 12540.00 í sölulaun.

Þegar sild þessi kom til Rússlands, komu í ljós nokkrir gallar á henni, og heimtuðu kaupendur mikinn afslátt frá hinu umsamda verði.

Voru því sendir tveir menn til Rússlands til þess að semja um afslátt af sildinni, og lauk þeim samningum á

þann veg, að gefa varð 17½% afslátt af hinu umsamda verði.

Eftir þessi málalok tilkynnti nefndin stefnanda með simskeyti, dags. 28. des. 1936, að á fundi Sildarútvegsnefndarinnar 18. des. 1936 hafi verið samþykkt að greiða honum umsamin umboðslaun aðeins af upphæð þeirri, sem raunverulega hafi greiðzt fyrir sildarsendingarnar til Rússlands. Hafa stefnanda þegar verið greidd umsamin umboðslaun af þeirri upphæð. Stefnandi telur sér hinsvegar bera umsamin umboðslaun af umsömdu fobb-söluverði sildarinnar, en þar eð honum hefir ekki tekizt að fá mismun þann, er þannig kemur fram, greiddan, hefir hann höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að nefndin hafi aðeins verið umboðsmaður eigenda sildarinnar, sem hafi verið tilteknir sildarframleiðendur við Faxaflóa. Hafi nefndin aðeins annazt söluna fyrir eigendurna, en alls ekki fyrir eigin reikning. Þetta hafi stefnanda og verið ljóst, enda hafi nefndin enga skyldu tekið á sig sem slíka gagnvart stefnanda fram yfir það, sem af umboðsmennskunni leiði, og ekki hafi hún á neinn hátt skuldbundið sig til að greiða stefnanda hin umsömdu umboðslaun, heldur hafi vitanlega alltaf verið ætlunin, að eigendur sildarinnar gerðu það sjálfir, og hafi stefnanda átt að vera og verið það ljóst.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að stefndur hafi sjálfstæða skyldu til greiðslu umboðslaunanna.

Sildarútvegsnefnd (stefndur) er stofnuð með lögum nr. 74 frá 1934. Er svo ákveðið í lögnum, að nefndin hafi með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á sild og löggildi sildarútflytjendur. Þá er ennfremur ákveðið, að nefndin skuli gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á sild með öðrum verkunaraðferðum en þá tíðkuðust og að hún skuli hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sild á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sildarútvegsins. Í lögnum er engin heimild fyrir nefndina til að verzla með sild né selja fyrir eigin reikning.

Af skjölum málsins, svo sem simskeytum og samningunum, sem gerðir voru um söluna, er það ljóst, að stefndur

kemur alltaf fram sem umboðsmaður þeirra eiginlegu eigenda sildarinnar, svo og að bæði kaupendum og stefnanda hefir verið það ljóst, enda er það játað af stefnanda í rekstri málsins.

Stefnandi heldur því þó, eins og áður segir, fram, að stefndum beri að greiða umboðslaun af sildinni, eins og hann væri hinn eiginlegi seljandi.

Í umboði því, sem Óskar Jónsson gaf stefnanda til að samþykkja söluna og áður er minnt á, er svo að orði komizt, að sildarútvegsnefnd greiði stefnanda 3% af fobbsöluverði sildarinnar, sem afskipuð kunni að verða upp í samninginn. Umboð Óskars til að gefa stefnanda umboð þetta, er skeyti nefndarinnar, dags. 26. ágúst 1936 (sama dag og Óskar undirritar umboðið til stefnanda), og segir ekki í skeytinu, að nefndin greiði umboðslaunin, heldur segir þar aðeins: „Sölulaun Isrúv (þ. e. stefnanda) 3%“, án þess að tiltekið sé, hver greiði þau. Þetta skeyti nefndarinnar verður því alls ekki skilið á þann veg, að hún hafi viljað taka á sig sjálfstæða skyldu til að greiða stefnanda umboðslaun, heldur hafi hún aðeins lofað þeim f. h. umbjóðenda sinna, þ. e. eigenda sildarinnar. Þá verður og að telja, að bæði Óskari og stefnanda hafi mátt vera þetta ljóst, þar eð vitað var, að nefndin kom aðeins fram f. h. sildareigendanna. Verður rétturinn því að telja, að enda þótt svo sé að orði komizt í umboði Óskars til stefnanda, að sildarútvegsnefnd greiði sölulaunin, þá beri samt að leggja þann skilning í þau, að nefndinni sem slíkri hafi ekki skapazt skylda til að greiða þau, heldur umbjóðendum hennar, sildareigendunum. En enda þótt ekki þætti fært að leggja þenna skilning í umboð Óskars til stefnanda, bæri þó að sama brunni um það, að það skapar ekki nefndinni sjálfstæða greiðsluskyldu vegna þess, að ef svo mætti skilja orð þess, þá hefði Óskar skv. því, sem áður segir um umboð hans til að gefa stefnanda umboðið, farið út fyrir umboð sitt á þann hátt, að nefndin yrði ekki við umboðið til stefnanda bundin um þetta atriði.

Þar sem upplýst er, að stefnanda var alltaf kunnugt um það, að nefndin var aðeins umboðsmaður sildareigenda um söluna, og ekki er upplýst um, að hún hafi tekið á sig neina sjálfstæða skyldu til að greiða stefnanda umboðslaun, á meðan á samningnum stóð, verður ekki talið, að

stefnandi eigi aðgang að nefndinni um greiðslu umboðslauna, nema að henni hafi síðar skapazt skylda til greiðslu þeirra, og verður það nú athugað.

Á því tímabili, sem samningarnir um afsláttinn stóðu yfir við Rússana, gáfu sildareigendurnir þremur nafngreindum mönnum umboð til þess fyrir sína hönd að semja endanlega við kaupendurna um afslátt af umsömdu söluverði sildarinnar. Umboð þetta framseldu umboðsmennirnir sildarútvegsnefnd „í trausti þess“ m. a., að nefndin tæki að sér að greiða stefnanda 2% í umboðslaun fyrir sölu á „rússasildinni“. Þetta skilyrði samþykkti nefndin, og skapaðist henni því skylda til að greiða þann hluta umboðslaunanna, og verður að telja, að stefnandi hafi átt aðgang að henni um greiðslu hans. En einn þriðja umboðslaunanna bar sildareigendunum eftir sem áður að greiða.

Nú voru 3% af umsömdu fobb-söluverði sildarinnar kr. 12540.00. Sú upphæð, sem upplýst er í málinu, að nefndin hefir þegar greitt stefnanda, er meiri en tveir þriðju hlutar þessarar upphæðar, og verður því ekki talið, að stefnandi eigi aðgang að nefndinni um frekari greiðslu, hvernig sem kröfu hans að öðru leyti kann að vera háttáð.

Verða úrslit málsins því þau að sýkna ber stefndan skv. framansögðu án þess að rannsaka þurfi aðrar sýknaástæður hans. Rétt þykir, að stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 upp í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, sildarútvegsnefnd, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hauks Björnssonar f. h. Íslenzk-rússneska verzlunarfélagsins, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.